

Skógarvörður umdæmisins:

ÍSLEIFUR SUMARLÍÐASON.

STARFSSKYRSLA FYRIR ÁRÍÐ

1949.

NORÐURLANDSUMDÆMI.

SKÓGRÆKT RÍKISINS.

GIRÐINGAR, FRIDUN & VIÐHALD GIRÐINGA:

Engar nýjar girðingar voru reistar á árinu. - Viðhald girðinga var að þessu sinni með minnsta móti. Girðingin um Lunds- og Þórðarstaðaskóga var lítið skemmd, víða voru þó slitnir strengir ofan af staurum á fjallinu.- Sandhaugagirðingin stóð vel eftir veturinn og var þar um afar lítið viðhald að ræða.- Girðingin um Stórhöfða- og Melaskóg var haldið við eftir föngum, en þarfnast mikillar endurnýjunar við, ef viðunandi á að vera..Teldi ég því réttast að girðingunni yrði breytt þannig, að girt yrði upp á fjall við Mattmálagil, norður Gæsadalsbrún og niður meðfram Gæsagili í Fnjóská. Þannig yrði allt land skógræktarinnar á þessum slóðum innan einnar girðingar. Mjög er aðkallandi að þetta komist í framkvæmd, ef nýgræðingurinn á að eiga sér nokkra lífsmöguleika. Girðingu Skógræktarinnar að Vöglum á Þelamörk þarf að endurnýja strax næsta vor. Mjög hefur skort á um viðhald og eftirlit á s.l. þrem árum, en nýgræðingur töluverður bæði utan og innan girðingar.

GRÆÐIREITUR:

Vinna við græðireit hófst að þessu sinni óvenju seint, eða ekki fyrr en 8. júní. Snjór var þá enn víða í skóginum og enn ekki farinn úr græðireit. Dreifsetning hófst 20. júní og var lokið 28. júlí. Vanhöld urðu nokkur aðallega vegna þurka, sem voru allan tíman þá er dreifsett var.- Fræsáning tókst fremur vel, þegar að því er gætt, hve seint var sáð. Birkið spíraði einna lakast, furan, lerkið og rauðgrenið dável. Plöntur í græðireit uxu óvenju lítið og eru fræplöntur í sáðbeði (2 ára) vart útplöntunarhafar.- Teknar voru upp 17.000 birkiplöntur í haust. Voru þær flokkaðar og síðan slegið niður til vors. - Ekið var alls 25-30 tonnum af húsdýraáburði í græðireit og var hann mestmegnis greiddur með eldiviði úr skóginum. Nokkuð var einnig keypt af tilbúnum áburði, sem var borinn á sem auka-skammtur.

SÁNING Í GRÆÐIREITINN:

Rauðgreni	4.5 kg	57 m ²	(Helgeland)
Rauðgreni	3.0 -	33 -	(Trysil.)
Rauðgreni	1.5 -	17 -	(Solør.)
Rauðgreni	0.4 -	6 -	(Österdal.)
Skógarfura	7.0 -	102 -	(Troms Innland.)
Skógarfura	0.3 -	6 -	(Målselvdalen.)
Lerki	0.4 -	6 -	(Archangelsk.)
Lerki	0.8 -	14 -	(Irkutsk.)
Birki	15.0 -	171	(Bæjarstaður.)

DREIFPLÖNTUN:

Birki	2/0	54.375	stk.	(Bæjarstaður.)
Reynir	3/0	10.500	-	(Skriðustofn Ak.)
Skógarfura	2/0	36.000	-	(Målselv.)
Sitkagreni	2/0	7.200	-	(Pigot Bay, Alaska.)
Lerki	2/0	600	-	(Rússneskt, kom frá Noregi)
	Samtals	<u>108.835</u>	<u>stk.</u>	

SELDAR OG AFHENTAR PLÖNTUR:

Birki	71.476	stk.
Skógarfura	20.415	-
Rauðgreni	3.594	-
Reyniviður	727	-
Gulvíðir	377	-
Þingvíðir	314	-
Sitkagreni	181	±
Ribs	175	-
Laxaber	74	-
Sólber	50	-
Gráreynir	16	-
	Samtals	<u>97.399</u> <u>stk.</u>

PLÖNTUR TIL SÖLU OG AFHENDINGAR VORIÐ 1950.

Birki	1. fl.	425	stk.	
Birki	2. fl.	7.875	-	
Birki	3. fl.	8.700	-	
Reynir	1. fl.	400	⊖	
Reynir	2. fl.	2.324	-	
Reynir	3. fl.	2.400	-	(Lélegur.)
Silfurreynir	1. fl.	100	-	
Silfurreynir	2. fl.	900	⊖	
Silfurreynir	3. fl.	300	-	(Lélegur.)
Gulvíðir		15.225	-	
Þingvíðir		150	-	
Ribs	1. fl.	260	-	
Ribs	2. fl.	116	-	
Laxaber		57	-	
Skógarfura		<u>3.300</u>	-	
	Samtals	<u>42.532</u>	<u>stk.</u>	

SKÓGARHÖGG, GRISJUN OG KOLAGERÐ:

SKÓGARHÖGG: Á árinu var höggvið:

Eldiviður	Efniviður	Arinviður	Staurar	Renglur	Viðarmagn Alls.
kg.	m ³	kg.	stk.	stk.	Hestburðir
129.950	22.070	3.000	250	115	1553.

20

Allt var þetta höggvið í Vaglaskógi. Voru þar grisjaðir ca. 14-15 ha. Svæði það, sem grisjað var, er neðan vegar, niður að Stóra-Hvammi, frá Skökkulág suður að Klettlæk. Einnig var grisjað töluvert ofan vegar frá Skökkulág að Klettlæk. Verður haldið þar áfram næsta sumar. Grisjað hefði verið meira neðan vegar, ef kominn hefði verið vegur meðfram ánnæi, þar sem víða er svo bratt að bifreið verður aðeins komið niður að þenni. - Grisjað var mun meir en venja hefur verið áður. Féllu nú um 10 tonn viðar á ha. - Óvenju lítið var tekið af staurum og renglum. Var það vegna þess hve lítið seldist sl. ár og voru nú aðeins teknir úrvals xstaurar og renglur. Ekki var höggvið í Þórðarstaðarskógi að þessu sinni. Það mun verða kappkostað á næsta ári, og verður það nú mun auðveldara, þar sem nú er kominn ábúandi í Þórðarstaði, sem stundað getur skógarhöggið.

KOLAGERÐ:

Gert var til kola í Vaglaskógi. Vegna þess hve ofninn var lélegur, var ekki lagt í að flytja hann suður í Þórðarstaðarskóg, en settur niður rétt við græðireitinn og viðnum ekið að. Viðurinn var síðan sagaður niður með hjólsög, sem knúð var af lítilli dráttarvél. Gekk það fljótt og vel og var eitt tonn viðar sagað á 1 1/2 klt, ef haldið var viðstöðulaust áfram. Lagt var í ofninn 14 sinnum og fengust alls 3.796 kg. og er það allmiklu betra en undanfarin ár. Meðalbrennsla var 271.2 kg. Alls voru höggnir 200- 210 hestburðir til kolagerðar. Ef kola-gerðin á ekki með öllu að leggjast niður, er bráðnauðsynlegt að fá nýjan kolaofn strax á næsta ári.

GRÓÐURSETNING OG SÁNING:

Hinn 19. júní komu að Vöglum 30 Norðmenn. Gróðursettu þeir í 3 ha svæði neðan vegar, frá Skökkulág suður undir Sjónarhól. Alls gróðursettu Norðmennirnir um 10.500 plöntur í skóginn og vannst ekki tími til að gróðursetja meira að þessu sinni. Gróðursettar voru barrplöntur á eftirtalda staði:

Vaglaskógur	Skógarfura	3.600	stk.	
Vaglaskógur	Lerki	3.000	-	
Vaglaskógur	Rauðgreni	3.900	-	
Selland	Skógarfura	9.500	-	
Selland	Rauðgreni	700	-	
Höfði í Mývatnssveit	Skógarfura	750	-	
Girðing Skógr.fél. Eyf.	Skógarfura	9.500	-	Nokkuð af þessu
Girðing Skógr.fél. Eyf.	Rauðgreni	2.200	-	var selt almenningi
	Samtals	32.950	stk.	

VEGAGERÐ:

Ekki var unnið að vegagerð nema á svæði því, sem plantað var í og grísað. Vegakerfið í Vaglaskógi er í svo slæmu ásiglagi að vart verður hægt að fá fluttan við úr skóginum, ef ekki verður úr bættr strax á næsta ári.

FERÐALÖG:

Fyrstu fimm mánuði ársins dvaldist ég að mestu í Reykjavík og starfaði á skrifstofu skógræktarstjóra.- 14. Maí fór ég, ásamt Einari G. Sæmundsen, norður að Vöglum til að kynna mér hið nýja starf mitt.- 3. júní hélt ég norður aftur og þá til veru.- 31. júní fór ég austur að Laugum og að Fjalli í Aðaldal. Flutti plöntur og leiðbeindi um gróðursetningu.- 3. júlí sat ég aðalfund Skógræktarfélags S.- Þingeyinga að Laugum.- 6. júlí leiðbeindi ég með gróðursetningu og sáningu að Sellandi.- 25. júlí fór ég austur að Hallormsstað og dvaldi þar í tvo daga.- 20. ágúst fór ég austur að Ásbeyrgi til viðræðna við umsjónarmann.- 25. ágúst fór ég austur að Geitafelli í Reykjahverfi, samkvæmt tilmælum skógræktarstjóra um að fá landlýsingu.- 11. september fór ég austur í Fosfelskóg ásamt Jóni Haraldssyni, Einarstöðum, til að gera áætlum um fyrirhugaða girðingu á landamerkjum Fosfels og Glaumbæjarsels.- 28.- 31. október sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Reykjavík.- Auk þessa fór ég fjölmargar eftirlitsferðir um Skóglendi Skógræktinnar, til Akureyrar vegna viðskipta og ferðir vegna leiðbeininga í Fnjóskadal og víðar.- Alls var ég 90 daga að heiman í ferðalögum.

YMISLEGT:

Tíðarfar var mjög erfitt framan af sumri allt fram í miðjan júní. Var því óvenju seint lokið sáningu og dreifplöntun í græðireit. - T. d. varð að fá snjóytu til að ryðja veginn, svo hægt væri 5. júní að komast á bifreið í græðireitinn.- Skógurinn var orðinn allaufgáður 22. júní. Vöxtur hans var allmiklu minni en á venjulegu sumri, enda var vaxtartíminn töluvert skemmri. Fræspretta var einnig með minnsta mótí. Skógarmaðks varð lítilsháttar vart í ágúst-lok. Skógurinn byrjaði að fella blöðin 15. sept. og var lauflaus að kalla í lok sama mánaðar.

Blíjuþingmáttur